

## Svar

### fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Ágústi Bjarna Garðarssyni um mat Framkvæmdasýslunnar – Ríkiseigna (FSRE) á húsnæðisþörf stofnana ríkisins.

1. *Hvernig fer mat FSRE á húsnæðisþörf stofnana ríkisins fram áður en hún auglýsir markaðskannanir og/eða leitar að húsnæði með skuldbindingu um viðskipti?*

Þegar FSRE fær beiðni um að afla húsnæðis fer fram þarfa- og valkostagreining vegna þarfa viðkomandi ríkisaðila. Tilgangur þeirrar greiningar er að kanna þær þarfir sem fyrirhugað er að leysa og þá kosti sem til greina koma við úrlausn þeirra. Við þarfagreiningu er gerð grein fyrir eðli og umfangi verkefnis og skilgreind sú þörf sem því er ætlað að leysa. Almenn er tekið mið af þróun starfseminnar næstu 5–10 ár en jafnframt hugað að lengri framtíð eftir því sem aðstæður leyfa. Þegar þessar forsendur liggja fyrir er efnt til samráðs við notandann eða eftir atvikum notendur. Við mat á rýmisþörf á tiltekinni starfsemi er tekið tillit til þeirra viðmiða sem sett hafa verið fyrir almenna og sértæka notkun húsnæðis á vegum ríkisins ásamt reynslu af gerð sambærilegra mannvirkja.

2. *Hvaða svæði og hvaða sveitarfélög koma til greina þegar FSRE auglýsir eftir húsnæði „miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu“ eins og fram kom í nýlegri auglýsingu? Hvaða forsendur liggja að baki slíku skilyrði?*

Almennt þegar auglýst er eftir húsnæði á höfuðborgarsvæðinu koma öll sveitarfélög til greina. Hins vegar getur eðli starfsemi stofnana og samsetning þjónustubega þeirra kallað á að staðsetning sé miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu, nálægt þungamiðju íbúafróunar svæðisins, og nálægð við stofnbrautir, almenningsgöngur og aðra skrifstofu- og þjónustustarfsemi. Einnig getur nálægð við aðrar stofnanir og samstarfsaðila skipt máli fyrir starfsemi viðkomandi stofnunar. Í tilfalli stórra vinnustaða kemur einnig til álita að taka tillit til áhrifa ferða starfsfólks til og frá vinnu m.a. vegna loftslagsáhrifa. Staðsetning er þannig einn þáttur í heildstæðu mati út frá þeim valkostum sem boðnir eru í hverju tilviki fyrir sig.

3. *Hversu oft á síðustu tíu árum hefur Framkvæmdasýslan (FSRE) gert samninga við aðra aðila en lögstjóðendur óháð staðsetningu tilboðsgjafa? Svar óskast sundurliðað eftir árum, tilvikum og röksemdum fyrir því að ekki hafi verið samið við lögstjóðanda.*

Skoðuð voru verkefni sl. tíu ára eða frá nóvember 2012. Við mat á tilboðum í leiguverkefni á vegum stofnunarinnar er ávallt byrjað á að skoða hvort lögsta tilboð uppfylli kröfur húslýsingar.

Hér má sjá yfirlit yfir þau verkefni þar sem ekki var samið við lægstbjóðanda og ástæður þess en í flestum tilfellum uppfyllti lægstbjóðandi ekki kröfur húslýsingar:

<b>Stofnun</b>	<b>Ár</b>	<b>Ástæða</b>
Samgöngustofa	2013	Nálægð við samstarfsaðila
Fiskistofa, Akureyri	2016	Stóðst ekki kröfur húslýsingar
Hafró	2016	Stóðst ekki kröfur húslýsingar
Vegagerðin	2018	Stóðst ekki kröfur húslýsingar
Heilsugæsla Mosfellsumdæmis	2018	Stóðst ekki kröfur húslýsingar
Skatturinn	2021	Stóðst ekki kröfur húslýsingar
Geðheilsa austur	2018	Stóðst ekki kröfur húslýsingar
Heilsugæslan Hlíðum	2021	Stóðst ekki kröfur húslýsingar
Geðheilsa suður	2019	Stóðst ekki kröfur húslýsingar
Heilsugæslan Akureyri	2021	Stóðst ekki kröfur húslýsingar